

**Sp. 372. Tillaga til þingsályktunar [215. mál]**  
um rannsóknir á hrognkelsastofninum fyrir Norðurlandi og athugun á nýtingu hans.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera fiskifræðilegar rannsóknir á hrognkelsastofninum fyrir Norðurlandi — um stærð hans og lífshætti.

Þá láti ríkisstjórnin gera ýtarlega athugun á, hvernig gera megi grásleppuhrogn sem verðmætust í útflutningi og fiskinn, sem nú er að mestu fleygt, að söluvöru.

**Greinargerð.**

Grásleppuveiði hefur á síðustu árum farið vaxandi við Norðurland og alveg sérstaklega fyrir austanverðu Norðurlandi. Hefur veiðin verið nær eingöngu stunduð vegna grásleppuhrognanna, sem söltuð eru í tunnur og síðan að mestu seld úr landi sem hráefni í grásleppuhrognakavíar. Kemur nú verulegur hluti heimsframléiðslunnar af þessu hráefni frá Íslandi og þá einkum frá Norðurlandi.

Við Skjálfaflóa voru t. d. saltaðar um 2300 tonn af grásleppuhrognum á s. l. vori, auk verulegs magns á Ólafsfirði, Dalvík, Raufarhöfn, Þórshöfn og víðar á austanverðu Norðurlandi.

Miklar sveiflur hafa hins vegar orðið á útflutningsverði hroгна á undanförunum árum, þannig að góð veiði hér við land hefur yfirleitt þrýst niður heimsmarkaðsverði. Getur því stóráukin sókn á þessar veiðar bæði gengið of nærri hrognkelsastofninum og stórlækkað verð hrognanna. Virðist því einsýnt, að hér þurfi að hafa gát og stjórn á, svo mikilsverð tekjulind sem hér er í húfi fyrir marga sjómenn, og þyrfti þegar í stað að setja reglur um veiðitíma á hrognkelsum, verkun hroгна og eftirlit með henni, sem og hámarks magn, er setja megi árlega á útflutningsmarkaðinn, en bæta svo um þessar reglur, þegar niðurstöður aukinna rannsókna á hrognkelsastofninum og athugun á hagnýtingu aflans liggja fyrir.

Það er ekki vansalaust, að þjóð, er aflar meginhluta hráefnis í þann grásleppuhrognakavíar, sem á heimsmarkaðinum er, freisti þess ekki að taka í eigin hendur þessa kavíarframléiðslu. Yrði svo og tækist vel, þarf varla að lýsa því, hver lyftistöng slíkt gæti orðið fyrir verstöðvar víða um land, ekki sízt norðanlands, þar sem árstíðabundið atvinnuleysi herjar enn.

Loks er svo að geta þess, að fiskinum sjálfum, grásleppunni, er nú að mestu fleygt, svo að hundruðum tonna nemur árlega, enda þótt úr honum megi að sögn fróðra manna gera ágætan mat. Er þessi sóun verðmæta ekki sæmandi, og þarf vissulega úr að bæta. Virðist einsætt, að ríkisvaldið hafi um það hvetjandi forustu.